2. Sviss skal koma fram sem fulltrúi Liechtenstein vegna samnings þessa.

3. Bókun þessi skal fullgild af ríkjum þeim sem undir rita og furstadæminu Liechtenstein. Fullgildingarskjölum skal komið til vörslu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum samningsaðilum.

4. Bókun þessi skal öðlast gildi þegar fullgildingarskjöl allra samningsaðila hafa verið afhent.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Tampere 15. júní 1988, í einu eintaki á ensku, sem afhent skal ríkisstjórn Svíþjóðar, og skal hún afhenda sérhverjum samningsaðila staðfest afrit þess.

2. For the purposes of the Convention, the Principality of Liechtenstein shall be represented by Switzerland.

3. This Protocol shall be ratified by the Signatory States of the Convention and the Principality of Liechtenstein. The instruments of ratification shall be deposited with the Government of Sweden which shall notify all other Contracting Parties.

4. This Protocol shall enter into force on the deposit of instruments of ratification by all Contracting Parties.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized thereto, have signed the present Protocol.

DONE at Tampere this fifteenth day of June 1988, in a single copy in the English language which shall be deposited with the Government of Sweden, by which certified copies shall be transmitted to all other Contracting Parties.

Nr. 15 18. júní 1990

AUGLÝSING

um rammasamning við Evrópubandalögin um samvinnu á sviði vísinda og tækni.

Hinn 6. júní 1990 var ráði og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna tilkynnt um staðfestingu Íslands á rammasamningi um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli ríkisstjórnar Íslands og Evrópubandalaganna sem undirritaður var í Brussel 30. október 1989. Alþingi hafði með ályktun 26. apríl 1989 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Hann öðlaðist gildi 6. júní 1990.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. júní 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

RAMMASAMNINGUR
um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli lýðveldisins Íslands og Evrópubandalaganna

RÍKISSTJÓRN LÝÐVELDISINS ÍSLANDS, í umboði lýðveldisins Íslands, hér á eftir nefnd „Ísland",

annars vegar,

og RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA, í umboði Efnahagsbandalags Evrópu, og

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA, í umboði Kjarnorkubandalags Evrópu, hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórnin",

hins vegar,

sem hér á eftir eru nefnd „samningsaðilarnir",

ÞAR SEM, án þess að skert sé gildi viðeigandi ákvæða stofnsamninga Efnahagsbandalags Evrópu og Kjarnorkubandalags Evrópu, rammasamningur þessi og öll starfsemi sem unnið er við samkvæmt honum mun engin áhrif hafa á heimildir aðildarríkja Efnahagsbandalaganna til að takast á hendur tvíhliða verkefni með Íslandi á sviði vísinda, tækni, rannsókna og þróunar, og til að gera samninga í því skyni þar sem það á við;

SEM HAFA Í HUGA mikilvægi vísinda- og tæknirannsókna fyrir Ísland og Evrópubandalögin og sameiginlega hagsmuni þeirra af samvinnu á þeim sviðum til að bæta nýtingu auðlinda og koma í veg fyrir sóun og tvíverknað;

ÞAR SEM ráðherrar aðildarríkja Evrópubandalaganna, ráðherrar aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og framkvæmdastjórnin töldu á fundinum í Lúxemborg 9. apríl 1984 að með því að Evrópubandalögin og aðildarríki Fríverslunarsamtakanna væru efnahagslega hvert öðru háð í vaxandi mæli réttlætti það sérstaklega samvinnu á sviði vísinda og þróunar, og lögðu áherslu á nauðsyn þess að auka þetta starf, einkum til að stuðla að tilflutningi vísindamanna; og einnig þar sem ráðherrarnir óskuðu þess að sérstök athygli skyldi veitt ákveðnum iðnaðar- og tæknigreinum framtíðarinnar;

ÞAR SEM Ísland og Efnahagsbandalag Evrópu hafa einnig með sér samstarf á vegum Evrópusamvinnu á sviði vísinda- og tæknirannsókna (COST), og þar sem þeir aðilar hyggjast halda áfram störfum sínum innan þess verkefnis;

ÞAR SEM Ísland og Evrópubandalögin fylgja rannsóknaáætlunum á sameiginlegum hagsmunasviðum;

ÞAR SEM Ísland og Evrópubandalögin hafa hagsmuna að gæta af samvinnu innan þessara áætlana;

ÞAR SEM æskilegt er til að ná þessu fram að mæla fyrir um heildarskipan samvinnu Íslands og Evrópubandalaganna á sviði rannsókna sem stofnanir og einkafyrirtæki gætu tengst; þar sem, að auki, heildarskipan þessi ætti að gera ráð fyrir einfaldri og skilvirkri málsmeðferð og vera breytilegs eðlis;

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

A. Tilgangur samningsins

1. gr.

Samningur þessi skilgreinir ramma um þróun vísinda- og tæknisamstarfs Íslands og Evrópubandalaganna á sameiginlegum hagsmunasviðum, sem rannsókna- og þróunaráætlanir samningsaðilanna falla undir.

2. gr.

Samstarf þetta geta stundað fyrirtæki og framkvæmdaaðilar á vegum hins opinbera eða einkaaðila sem taka þátt í rannsóknaáætlunum á Íslandi eða í Evrópubandalögunum eins og í 1. gr. segir.

3. gr.

Samstarf þetta getur átt sér stað í eftirgreindu formi:

- með reglubundnum skoðanaskiptum um stjórn og forgang rannsóknastefnu og áætlana á Íslandi og í Evrópubandalögunum;

- með skoðanaskiptum um framtíðarhorfur og þróun samstarfs;
- með veitingu upplýsinga sem fengnar eru með samstarfi samkvæmt samningi þessum;
- með samræmingu áætlana og verkefna sem unnið er að á Íslandi og í Evrópubandalögunum;
- með þátttöku í sameiginlegum áætlunum og hlutum áætlana og sameiginlegum aðgerðum á Íslandi og í Evrópubandalögunum.

4. gr.

Samstarfið má framkvæma á eftirfarandi hátt:
- með sameiginlegum fundum;
- með heimsóknum og skiptum á vísindamönnum, verkfræðingum og tæknimönnum;
- með reglulegu sambandi þeirra sem skipuleggja áætlanir eða verkefni og stjórna þeim;
- með þátttöku sérfræðinga í málþingum, umræðum og námskeiðum;
- með þátttöku í framkvæmd sameiginlegra áætlana eða hluta áætlana og sameiginlegum aðgerðum;
- með því að skjöl séu tiltæk og skipst verði á upplýsingum um árangur þess starfs sem unnið er innan ramma samstarfsins.

5. gr.

Samstarfið er hægt að þróa eða aðlaga hvenær sem er með samkomulagi aðila.

B. **Framkvæmd samstarfsins**

6. gr.

Gera skal viðeigandi samninga um framkvæmd samstarfs þess sem samningur þessi tekur til.

7. gr.

Í samningum þeim sem getið er í 6. gr. skal tilgreina form samstarfs og hvernig í haginn skuli búið fyrir það í einstökum tilvikum, en einnig
- vísindaleg eða tæknileg markmið;
- reglur um þekkingarmiðlun og eignarrétt að hugverkum;
- ákvæði um starfslið og tilflutning þess og um störf fulltrúa annars samningsaðila innan stofnana hins aðilans;
- tilhögun fjárhagslegrar þátttöku í samningum;
- alla aðra tilhögun eftir því sem við á.

8. gr.

Samningar þeir sem getið er í 6. gr. skulu gerðir samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum samningsaðila um sig.

9. gr.

Samningsaðilar skulu tilkynna hvor öðrum nöfn fyrirtækja og framkvæmdaaðila sem getið er í 2. gr. og taka þátt í samstarfinu.

C. **Sameiginleg nefnd**

10. gr.

Stofna skal sameiginlega nefnd er nefnist „Rannsóknanefnd Íslands og Evrópubandalaganna“, og skal hún
- benda á þau svið þar sem líklegt er að til samstarfs geti komið, og athuga allar leiðir til að bæta það og þróa;
- vera vettvangur til að skiptast á skoðunum um stjórn og forgang rannsóknastefnu og rannsóknaáætlana á Íslandi og í Evrópubandalögunum, og um væntanlegan árangur samstarfsins;
- leitast við að tryggja farsæla framkvæmd þessa samnings.

11. gr.

Sameiginlega nefndin, skipuð fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar og Íslands, setur sér sjálf fundarsköp.

Nefndin heldur fund er annar hvor samningsaðila óskar þess, og ekki sjaldnar en árlega.

D. **Lokaákvæði**

12. gr.

Samningsaðilar samþykkja samning þennan samkvæmt gildandi reglum hjá hvorum um sig. Hann tekur gildi á þeim degi er samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum um að meðferð þeirri, sem nauðsynleg er í þessu skyni, sé lokið.

13. gr.

Samningur þessi gildir, annars vegar, á þeim svæðum þar sem stofnsamningar Efnahagsbandalags Evrópu og Kjarnorkubandalags Evrópu eru framkvæmdir, og við þau skilyrði sem í þeim samningum greinir, og, hins vegar, á landsvæði lýðveldisins Íslands.

14. gr.

Samningur þessi gildir ótímabundið. Hvor samningsaðili getur hvenær sem er sagt honum upp eða farið fram á endurskoðun hans með tólf mánaða fyrirvara.

15. gr.

Samningur þessi er gerður í tvíriti á íslensku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku og skulu allir textar jafngildir.

Gjört í Brussel, hinn þrítugasta dag októbermánaðar nítján hundruð áttatíu og níu.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands
Jón Baldvin Hannibalsson

Fyrir hönd ráðs og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna
J. Vidal
Frans Andriessen

20. júní 1990 Nr. 16

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1990 var danska utanríkisráðuneytinu tilkynnt 11. júní 1990 um staðfestingu Íslands á samningi milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 7. desember 1989.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. júní 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.